

# Aðalfundur Íslenska Pílukastsambandsins

**11.03.2020**

Fundur settur kl 18.30

Fundinn sitja Ólafur, Þórólfur, Matthías, Bjarni, Sigurður, Arna, Valdimar, Petrea, Sísí, Viðar, Diljá, Guðmundur, Guðrún, Atli, Þróstur, Garðar, Friðrik, Vitor, Ingibjörg, Ólafia, Björn, Sigurður, Halldór, Hrefna, Arnar, Fannar, Jason, Andri, Hallgrímur

Kosning fundarstjóra og ritara og er Þórólfur Sævar Sæmundsson kosinn einróma.

Skyrsla stjórnar er lesin af Ólafi forseta ÍPS og er þar farið yfir í stuttu máli auknar vinsældir pílukasts á Íslandi, dræma þáttöku á Winmau í fyrra, auknar styrkveitingar til ÍPS og fleira.

Ársreikningur 2019 kynntur og borinn undir atkvæði og er hann samþykktur einróma.

Ákveðið er einróma að hækka árgjald úr kr.3000 í kr.4000 árið 2021 vegna aukna útgjalda ÍPS er varða WDF og Dart Connect.

Einróma var kosið um að tillögur af lagabreytingum sem Ingibjörg Magnúsdóttir lagði fram 2019 verði yfirfarnar af lögfræðingi sem stjórn ÍPS mun finna og kynntar tveimur vikum fyrir aukaaðalfund sem skal haldinn ekki síðar en 15 maí 2020.

3 stöður opnuðust í stjórn og voru það staða forseta, gjaldkera, ritara og varamann. Varaforseti Matthías Örn Friðriksson og stjórnarmaður Guðrún Þórðardóttir sitja til 2021. ABAKI mun sjá áfram um ársreikninga.

Í stjórn voru kosnir:

Sigurður Aðalsteinsson einróma í stöðu gjaldkera

Bjarni Sigurðsson með meirihluta atkvæða í stöðu ritara

Ólafur Björn Guðmundsson einróma áfram sem forseti

Halldór Gísli Gunnarsson einróma sem varamaður

**Stjórn ÍPS fyrir 2020 er því sem hér segir:**

Ólafur Björn Guðmundsson, Forseti. Matthías Örn Friðriksson, Varaforseti. Sigurður Aðalsteinsson, Gjaldkeri. Bjarni Sigurðsson, Ritari. Guðrún Þórðardóttir, Stjórnarmaður. Halldór Gísli Gunnarsson, Varamaður í stjórn

Í öðrum málum kom upp með að karlar og konur ættu að sameinast í mótaum öðrum en íslandsmótum og var því hafnað með meirihluta atkvæða.

Ákveðið var einróma að 9 pílu sjóð sé hægt að vinna í öllum mótaum á vegum aðildarfélaga pílukasts á Íslandi og erlendis en þarf að færa sönnur frá mótshaldara. Einungis greiddir félagar ÍPS geta unnið 9 pílu sjóðinn.

Akureyri kom með tillögu að því að spila stigamót remote í gegnum Dart Connect og mun stjórn ÍPS skoða það

## **Fundi slitið**